



Verð íslenskra sjávarafurða hækkaði um 8% í fyrra



Verð íslenskra sjávarafurða hækkaði um 8%, mælt í erlendri mynt, milli árána 2018 og 2019. Þetta er mesta hækkun sem orðið hefur á verðinu síðan árið 2015 þegar verðið hækkaði um 11,1%. Hækkunin á síðasta ári kemur í kjölfar 4,6% hækkunar árið 2017 og 0,9% lækkunar árið 2016. Verð sjávarafurða í erlendri mynt er nú í sögulegu hámarki.

Verðhækkunin á síðasta ári var nokkuð jöfn yfir árið. Þannig hækkaði verðið um á bilinu 7-9,1% á 12 mánaða grundvelli eftir ársfjórðungum. Mesta hækkunin, 9,1% var á fjórða ársfjórðungi en minnsta hækkunin, 7% var á fyrsta fjórðungi ársins.

Hækkunin á annars vegar botnfiski og uppsjávarfiski hins vegar var nokkuð áþekkt. Hækkunin á uppsjávarfiski nam 9% en 8% í botnfiski. Til samanburðar nam verðhækkun á heimsmarkaðsverði kjöts 3,9% í fyrra og verðhækkun á heimsmarkaðsverði matvæla nam 6,5% miðað við vísitölur Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Verð á botnfiski frá landinu hækkaði því meira en kjöt og matvæli almennt í heiminum. Litið yfir lengra tímabil hefur verð íslenskra sjávarafurða hækkað meira en kjöt og matvæli. Þannig nemur hækkun verðs á íslenskum sjávarafurðum um 50% frá árinu 2010 en verðhækkun á kjöti nemur á sama tímabili 25%. Verð á matvælum í heiminum hefur staðið í stað á þessu tímabili.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða eykst þrátt fyrir loðnubrest

Útflutningsverðmæti sjávarafurða nam 260,1 ma.kr. á síðasta ári borið saman við 239,8 ma.kr. á sama tímabili í fyrra og nemur aukningin 8,5%. Aukið útflutningsverðmæti skýrist að mestu leyti af hækkun afurðaverðs í erlendri mynt en einnig veikingu krónunnar. Gengisvísitala krónunnar hækkaði um 8,6% milli árána 2018 og 2019. Mælt á föstu gengi krónunnar var útflutningsverðmæti sjávarafurða nær óbreytt milli ára en þó mældist lítill háttar samdráttur. Hann nam 0,06%.





Loðnubrestur skýrir minna aflaverðmæti

Lítill aukning útflutningsverðmætis á föstu gengi þrátt fyrir hækkun afurðaverðs í erlendri mynt skýrist fyrst og fremst af loðnubresti en engar veiðar voru heimilar á síðustu vertíð en eitthvað var flutt út af birgðum frá síðustu vertíð árið áður.

Útflutningsverðmæti loðnu dróst saman um 11,3 ma.kr. á föstu gengi en litið framhjá áhrifum loðnuútflutnings jókst útflutningsverðmæti sjávarafurða um 4,6%. Á gengi hvers tíma jókst útflutningsverðmæti sjávarafurða, litið framhjá loðnuútflutningi, um tæpa 29,7 ma.kr., eða 13,4%. Litið framhjá þeim útgerðum sem gera út á loðnu má ætla að margar útgerðir hafi því upplifað mikinn tekjuauka milli ára í krónum talið.


Mesta verðhækkunin á loðnu

Sé útflutningur sjávarafurða niður á tegundir settur á fast gengi og fast magn í tonnum talið má fá grófa mynd af verðhækkun einstakra tegunda í erlendri mynt milli ára.¹ Sé litið til þeirra 20 tegunda sem skiluðu mestu útflutningsverðmæti á þessu ári sést að langmesta verðhækkunin í erlendri mynt mælist í loðnu. Hækkunin nemur 115% milli ára. Þetta er líklega töluvert ofmat og þarf því að taka þessari niðurstöðu með verulegum fyrirvara. Ástæðan er sú að líklegt er að herra hlutfall hrognna sé í útflutningi ársins 2019 en 2018 en hrogn gefa mun herra verð á hvert kílógramm en t.d. mjöl. Hlutfall hrognna í útflutningi loðnu hefur fylgst að við magn veiða í gegnum tíðina. Þeim mun meiri veiðar, þeim mun hlutfallslega lægra hlutfall af aflanum hefur verið nýtt í hrognatöku. Þar sem engar veiðar voru á loðnu á síðasta ári má því gera ráð fyrir að útflutning loðnu á síðasta ári megi að mestu leyti rekja til sölu á birgðum af hrognum frá árinu 2018.

Næstmesta verðhækkunin á humri


Næstmesta hækkunin var í humri sem hækkaði um tæp 29%. Ekki er ólíklegt að verðhækkunina megi að hluta rekja til minna framboðs af humri en veiðar voru 64% minni í tonnum talið milli 2018 og 2019. Humarstofninn hefur verið í lægð og hafa veiðar verið bannaðar m.a. í Jökuldjúpi og Lónsdjúpi til verndar ungvíði humars. Þriðja mesta hækkunin var á Langlúru, eða 20%. Verðhækkun á

Ma.kr. Útflutningur sjávarafurða



Útflutningur á gengi hvers tíma
Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbreyting eftir tegundum í erlendri mynt



Verðbreyting í erlendri mynt milli 2018 og 2019 (gróft reiknað).
Þær 20 tegundir sem gáfu mesta útflutningsverðmætið 2019
Heimild: Hagstofa Íslands

¹ Þetta er gróf áætlun. Til að reikna þetta nákvæmar þarf m.a. að taka tillit til gjaldmiðlasamsetningar í tekjum hverrar tegundar, breytingu á samsetningu á vinnslu tegundarinnar og breytingu á því til hvaða lands hún fer en lönd greiða mishátt verð fyrir sömu afurðir.



langmikilvægasta fiskistofninum, þorskinum, nam
8% milli ára. Verð á ýsu hækkaði um 2,1%, ufsa um
9,9% og karfa 11,8%.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.